



Borgarráð

Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokks um úthlutunarreglur hjá Félagi eldri borgara

Á fundi borgarráðs þann 22. ágúst 2019 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokks um úthlutunarreglur hjá Félagi eldri borgara:

Óskað er upplýsinga um hvort skýrar úthlutunarreglur eru til varðandi úthlutun íbúða hjá Félagi eldri borgara? Ef svo er lágu þessar upplýsingar fyrir þegar félaginu var úthlutað lóð í Árskógum?

Úthlutunarreglur Félags eldri borgara fyrir íbúðir í Árskógum voru samþykktar á stjórnarfundum Félags eldri borgara sem haldinn var 22. ágúst 2017. Í fundargerð segir eftirfarandi um úthlutunarreglur vegna Árskóga:

„Mat á umsækjendum

Það sem lagt er til grundvallar á mati á umsækjanda sem uppfyllir skilyrði reglna þessara er a.[sic]

- a. Vera félagsmaður í FEB.*
- b. Mat á fjárhagslegri getu með jákvæðri umsögn lánveitanda við g[r]eiðslumat.*
- c. Hversu lengi hefur viðkomandi verið félagsmaður.*
- d. Hvenær viðkomandi setti sig á lista yfir „áhugasama“.*
- e. Lífaldur viðkomandi, gert til að skapa ákveðna breidd í aldurshópi verðandi íbúa.*
- f. Skuldbinding um fasta búsetu sbr. lög um lögheimili nr. 21/1990 í viðkomandi íbúð.*
- g. Kynnt sér og samþykkt þær kvaðir sem á lóðinni og þar með íbúðunum eru.“*

Úthlutunarreglurnar lágu ekki fyrir þegar lóðinni var úthlutað þann 31. mars 2016.

Óli Jón Hertervig